



### **3. Ungt fólk sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt**

„Rannveig Þorvaldsdóttir útskrifaðist úr Kennaraháskóla Íslands vorið 1997. Fyrstu tvö árin kenndi hún við Langholtsskóla í Reykjavík en hefur síðan kennt við Grunnskólann á Ísafirði.

Hún gengur að hverju nýju verkefni með opnum huga og hefur náð einstaklega góðum tengslum við nemendur sína og samstarfsfólk. Hún kemur fram við nemendur sína af virðingu og ljúfmennsku og tekst þannig að skapa í bekknum sínum hvetjandi námsumhverfi þar sem hver einstaklingur nýtur námsins og vinnur eftir bestu getu. Rannveig hefur lagt kapp á að vinna samkvæmt hugmyndinni um “skóla án aðgreiningar.” Þar sem í sama bekknum er fjölbreyttur nemendahópur sem býr yfir mismunandi getu og þroska. Rannveig sækist eftir að vinna með nemendahópum sem samanstanda af ólíkum einstaklingum, þ.á.m. einstaklingum sem hafa ýmiss konar sérþarfir. Þessar sérþarfir, sem oft kalla á sérstök vinnubrögð, mikið skipulag og aukinn tíma, eru sem áskorun í hennar huga enda nær hún góðum árangri í vinnu með nemendum.

Rannveig býr yfir þeim mikilvæga kosti góðs kennara að skorast ekki undan verkefnum heldur sýna frumkvæði og áræðni í starfi. Hún tekst á hendur krefjandi og ögrandi verkefni og tekst vel að leysa þau farsællega. Til að styrkja sig enn betur faglega í starfi hefur hún hafið nám í sérkennslu í Kennaraháskóla Íslands samhliða starfi sínu.

Rannveig Þorvaldsdóttir er fulltrúi hinna fjölmörgu, ungu kennara sem í upphafi starfsferlis síns hafa sýnt hve mikils virði traust menntun, jákvætt hugarfar og einlægur áhugi á starfinu er.”